



## Fundargerð. *Stjórnarfundur nr. 65.*

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagafjarðar 15. apríl 2015 kl: 13:30. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Jón Sigurðsson og Ólöf Jósepsdóttir áheyrnarfulltrúi.

### Dagskrá

1. Fundagerðir
2. Starfsmannamál
3. Fjármál – lokunarsjóður
4. Fjárfestingar
5. Kröfur UST um gasmál
6. Önnur mál.

#### 1. Fundagerðir.

Lagðar fram til samþykktar eftirtaldar fundagerðir, Aðalfundur frá 26. febrúar 2015 og síðan fundagerðir númer 61, 62, 63 og 64. Allar samþykktar og undirritaðar.

#### 2. Starfsmannamál

Hrefna Björnsdóttir starfsmannastjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar sat fundinn undir þessum lið en Magnús B. Jónsson vék af fundi vegna tengsla við einn umsækjenda. Samtals bárust 6 umsóknir um auglýst starf í Stekkjarvík. Farið var yfir þau gögn sem fyrir lágu og samþykkt að boða 3 af umsækjendum til viðtals. Hrefna mun hafa samband við þá umsækjendur.

#### 3. Fjármál – lokunarsjóður

Undir þessum lið sat fundinn Margeir Friðriksson fjármálastjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Fyrir liggur minnisblað unnið af Gunnari Svavarssyni hjá Eflu, dagsett 3. júní 2014. Samþykkt að Norðurá leggi árlega í sjóð 1,8% af urðunargjaldinu, en sú prósentu verði síðan endurskoðuð á 5 ára fresti og stillt af miðað við horfur á markaðsvöxtum og e.t.v. þróun í urðunarmagni og öðru sem snertir kostnað við lokun og vöktun urðunarstaðarins í Stekkjarvík. Margeiri falið að reikna upphæð liðinna ára út og færa þá upphæð til að byrja með inn í Lausafjár sjóð hjá Stefni sem er með mjög litla áhættu en 5,5% ávöxtun 2014.

#### 4. Fjárfestingar

Fyrir liggur minnisblað frá Jóhannesi Benediktssyni hjá Eflu um byggingu vélaskemmu í Stekkjarvík. Í umræðu um málið vöknudum margar spurningar og því ákveðið að kalla eftir betur útfærðu minnisblaði með ítarlegri þarfagreiningu. Jafnframt ákveðið að þegar að framkvæmdum kemur verði sökkull og skel með uppsetningu boðin út aðskilin þannig að bjóða í annan hlutann eða báða



**Norðurá bs**  
Byggðasamlag um sorpeyðingu  
á Norðurlandi vestra.

fyrir þá sem áhuga hafa á verkinu. Magnús ætlar að hafa samband við Jóhannes vegna betri þarfagreiningu og hönnunar á húsinu. Ákveðið að stjórnin skoði til fróðleiks nýbyggðar sambærilegar skemmur í tengslum við næsta stjórnarfund.


**5. Kröfur UST um gasmál**


Fyrir liggur minnisblað frá Gunnari Svavarssyni dagsett 14. apríl 2014, um framkvæmd og kröfur varðandi mælingar á gasmyndun á urðunarstaðnum. Samþykkt að semja við Eflu um að koma fyrir gasmælirörum og gera þrjár mælingar. Áætlaður kostnaður er 1,5 milljón.


**6. Önnur mál**


Rætt um urðun á sláturúrgangi og þörfina á að tala við sláturleyfishafa. Ólöf hefur haft samband við nokkra sláturleyfishafa fyrir hönd Moltu á svæðinu og eru þeir sem hafa verið jákvæðir fyrir eyðingu úrgangs hjá Moltu ef kostnaður við eyðingu þar verður sambærilegur og í Stekkjarvík og ef það tekst að hagræða og lækka flutningskostnað.

Fundi slitið kl. 15:30

  
Magnús B. Jónsson

  
Einar E. Einarsson

  
Jón Sigurðsson

  
Ólöf Jónsdóttir